# Gunnar Thoroddsen

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Gunnar Thoroddsen –Bréf – 1936

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifa 17. maí '36.

Berlin, Karlstr. 18 III
21. marz 1936.

Kæri vinur!

Í gær barst mér hin hörmulega fregn um hið sviplega fráfall konu þinnar. Ég vil senda þér mínar einlægustu samúðarkveðjur við þenna sorglega atburð og þungbæra missi.

---

Ég þakka bréf þitt frá í desember, sem ég nú loks sé sóma minn í að svara. Ástæður til þessa dráttar eru bæði það, að ég hef mörgum að skrifa, og þjáist auk þess af hinum almenna, hvimleiða og króniska sjúkdómi sem kallaður er bréfleti.

Af mínum högum er fátt nýtt að frétta. Ég dvelst enn í Berlín og mun verða hér fram í miðjan apríl. Þá fer ég til Lundúna og verð þar í nokkra mánuði. Heim hef ég hugsað mér að koma í sumar, seinni partinn. Eitthvað gæti þetta breytzt, ef kosningar yrðu í sumar, en til þess eru víst litlar líkur.

Námi mínu hef ég hagað með svipuðum hætti og áður, unnið ýmist á söfnum eða heima, lesið einkum refsirétt, bæði almennt og specielt. Hef ég miðað starf mitt að talsverðu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi við það, að ég taki við kennslu í lagadeildinni, og búið mig undir það sérstaklega. Einnig hef ég mikið unnið að því að safna efni til rits um ærumeiðingar, og hef skrifað fyrstu uppköst að nokkrum köflum þess. Riti þessu get ég auðvitað ekki lokið fyr en ég er kominn heim, því að þar eru ýmis óhjákvæmileg gögn og heimildir, sem ekki er unnt að fá hér ytra. Próf. Ól. Lárusson skrifaði mér í haust, að gott væri að hafa í höndum frá mér einhverskonar Habilitationsschrift. Ég hafði hugsað mér að senda ykkur einhverja kafla úr ritinu, sem ég hefði tilbúna. Nú vil ég spyrja þig, hvort þú telur nú vera þörf á slíku, og þá hvenær þið þyrftuð að fá það í hendur. Ég sé, að talsvert mikill tími myndi fara hjá mér í nauðsynlegar hreinskriftir o.þ.h., sem ég hefði ella látið bíða. En ef þið teljið nauðsyn á slíku, mun ég auðvitað senda ykkur eitthvað.

Þá kem ég að því hvort prófessorsembættið verður auglýst laust til umsóknar eða ekki, og þá hvenær, ef það yrði auglýst. Hefur annars nokkuð nýtt gerzt í málinu eða horfurnar breytzt? —

Hér stendur nú „kosningabaráttan" sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

næst, stórfundir dags daglega, þar sem höfuðpaurarnir tala, auglýsingar á götum úti um allar þær dásemdir og þau óviðjafnanlegu afrek sem der Führer hafi framkvæmt innanlands og út á við, og ef maður fer í bíó verður maður að gjöra svo vel að horfa og hlusta á agitationsmynd hálfu lengri en venjulega. Nú eru allir Gyðingar sviftir kosningarrétti, og má því búast við, að Hitler fái hlutfallslega hærra atkvæðamagn nú en síðast. —

Á konzert í Philharmonie síðastl. sunnudag voru leikin þrjú verk eftir Jón Leifs, og fengu þau fremur góða dóma í blöðunum. Næsta fimmtudag efnir Þórarinn Jónsson til hljómleika, eingöngu með hans eigin verkum, svo að íslenzk tónlist er talsvert repræsenteruð hér um þessar mundir. Loks er von hingað á Guðbrandi nokkrum Jónssyni, prófessor af kóngsins náð og doktor af eigin náð, og mun vera á vegum Ferðamannaskrifstofunnar til að kynna landið. —

Vertu svo kært kvaddur og berðu kveðjur til kunningjanna.

Þinn einlægur

Gunnar Thoroddsen.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Berlin, Karlstr. 18 III,
11. nóv. 1935. –
Svarað 1. des. '35

Kæri vinur!

Kærar þakkir fyrir bréf þitt frá 5. sept., og einlægar hamingjuóskir til ykkar hjónanna.

Ég fékk snemma í október bréf frá prófessor Ólafi Lárussyni, þar sem hann skýrði mér frá ástandi og horfum um prófessorsembættið í lagadeild, sem nú er laust. Mér kom þetta auðvitað nokkuð á óvart, þótt ég hinsvegar hafi allt af haft grun um, að stjórnin yrði treg til að veita mér þetta starf. Próf. Ólafur sagði, að mikill styrkur væri að því, þegar til kæmi, að hafa í höndum frá mér einskonar „Habilitationsschrift", og mun ég semja eitthvað slíkt í vetur. Ég vil nú biðja þig að skrifa mér bráðlega um þetta mál, og er þá einkum þrennt sem mig langar til að vita: 1. hvort þú telur það óhagganlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skipa Ísleif í embættið ef hún verður við völd á þeim tíma, 2. hvort þú telur, að samkeppni um embættið myndi koma til greina og 3. hvernig á því stendur, að Ísleifur er valinn, en ekki einhver úr stjórnarflokkunum; ég heyrði einhverntíma að hann hefði komið til orða sem dómari í hæstarétti, eiga þetta e. t. v. að vera sárabætur?

Auðvitað þarf ég ekki að taka það fram, að mér leikur hugur á þessu starfi, enda með það fyrir augum, að ég sigldi til framhaldsnáms.

Af mér er allt svipað að frétta og áður, vinn hér mest

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á söfnum eða heima. Í dag var ég innritaður í háskólann og mun eitthvað sækja þar fyrirlestra og æfingar. Hér er fremur fátt Íslendinga, en öðru hvoru slæðast hingað landar, sem eru á ferðalagi. Hörður Bjarnason kom hingað með fríðu föruneyti fyrir viku, en stóð aðeins við í einn dag. Erlingur Pálsson var hér nokkurn tíma í læri hjá lögreglunni, og Gunnar Gunnarsson skáld kemur hingað næstu daga og flytur fyrirlestra. Eru þetta helztu stórmenni af íslenzku kyni, sem heiðra Berlín með heimsókn sinni. 1. des. er í ráði, að við komum saman til fagnaðar í tilefni af fullveldisdeginum.

Ég fæ öll blöð send að heiman og þingskjöl, og fylgist því sæmilega með. Þið virðist standa í stríðu út af kollega þínum í atvinnuleysingjanefndinni Gunnari Magnúss (yfir?)kennara. Mikil tíðindi þótti mér það, sem ég sá í síðasta tbl. Mgl. sem ég hef fengið, að Sjálfstæðismenn hafa slitið samvinnu við stjórnarliðið í utanríkismálanefnd. Er fróðlegt að vita hvernig því lýkur.

Skilaðu svo kærri kveðju til konu þinnar. Ég tel víst, að hún hafi numið til hlítar leyndardóma eldamennskunnar í Sörey og matreiði handa þér af mestu list. Sælir eru þeir, sem guð gefur góða konu og góðan mat.

Með beztu kveðjum til þín og kunningjanna.

Þinn einlægur

Gunnar Thoroddsen.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 5/9. '35

Berlin, Karlstr. 18III, 9. ág. 1935.

Kæri vinur!

Fyrir þrem vikum kom ég hingað til Berlínar eftir tæpra þriggja mánaða dvöl í Danmörku. Mér féll yfirleitt vel vistin í Kaupmannahöfn og hafði mikið gagn af þeirri veru. Lengst af vann ég í konunglega bókasafninu, þar er eins og þú veizt afbragðs lestrarsalur og mikill bókaforði. Megingallinn þótti mér sá, hve nýjar bækur koma þangað seint, undantekningarlítið gat ég t.d. ekki fengið þar danskar bækur útgefnar 1935, '34 og '33, og jafnvel '32. Einnig gekk ég nokkuð í réttina, hlustaði m.a. á hið mjög umtalaða Leunbachsmál fyrir kviðdómi Kaupmannahafnar, þar sem þrír læknar voru ákærðir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir fósturdráp og gálauslegt manndráp.
Þá skoðaði ég einnig nokkur fangelsi, bæð
í Kph. sjálfri og nágrenni.

Ég komst fljótlega í kynni við prófessor
Oluf Krabbe, sem ~~hér~~ kennir refsirétt
við Hafnarháskóla, og var hann mér
hjálplegur mjög á ýmsa lund. M.a.
útvegaði hann mér aðgang að juridisk
Laboratorium í Háskólanum og er þar ágætt
bókasafn og góður lestrarsalur.

Hér í Berlín held ég mig mest á
Universitätsbibliothek enn sem komið er.
Hér er og ágætt kriminalistisches Seminar.
Þar er forstöðumaður prófessor Kohlrausch,
sem er ritstjóri hins kunna tímarits
Zeitschrift für die gesamte Strafrechtswissen-
schaft. Próf. Krabbe gaf mér meðmæli til
hans og fer ég þangað næstu daga.

Yfirleitt er ég ánægður með það sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af er utanlandsdvöl minni, og tel mig
þegar hafa haft mikið gagn af.

Um fyrirætlanir mínar á næstunni
er það að segja, að ég mun dveljast hér
í Berlín í vetur og mun ekki koma
til þings í haust. Áður en ég lýk námi
hef ég hug á að vera nokkra hríð í
Frakklandi og Englandi.

Hér í Þýzkalandi er nú í fullum
gangi undirbúningur nýrra refsilaga í
national-sozialistiskum anda. Mun þar
koma margra og misjafnra grasa og
sitt af hverju koma okkur spánskt
fyrir sjónir. Nú á að draga stórum úr
þeirri vernd einstaklinganna gegn ríkis-
valdinu og geðþótta valdhafanna, sem fengist
hefur fyrir langa og harða baráttu í flestum
löndum. Reglan: nulla poena sine lege
er þyrnir í augum nazistanna og verður

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

strikuð út.

Ég gjöri ráð fyrir að lítið verði á Háskólafyrirlestrum hér að græða, m. a. vegna þess að þeir eru eflaust allt af mótaðir af hinum þröngsýna national-sozialistiska anda, þar sem Adolf Hitler er „die Rechts-idee“ eins og ákrifamikill þýzkur lögfræðingur sagði hér í ræðu um daginn. En af bóka-söfnunum er hægt að læra óendanlega mikið og þar mun ég fyrst og fremst leita þekkingarinnar. —

Þið hafið staðið í ströngu þar sem er val borgarstjórans í Reykjavík. Mest hefur birzt um það mál í Alþýðu-blaðinu, en einhvernveginn er það nú þannig með það blað, að maður verður að ganga út frá, að það sem lygi, sem í því stendur, nema annað sannist. Ég frétti að Pétur Halld. hefði verið til-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndur sem borgarstjóraefni af ykkar hálfu, en að Jakob væri ósveigjanlegur með sjálfum sér. Vonandi hefur nú þessu ratast. Þetta er mesta vandræða- og leiðindamál. Ég er hissa á Jakobi að leggja svo mikla áherslu á þetta, honum hefði átt að vera augljóst, hvílíkri andstöðu það myndi mæta, og nú verður ósigurinn því meiri og sárari fyrir hann þar sem hann sótti málið svo fast.

Mér leikur hugur á að vita hver eða hverjir verða hæstaréttardómarar. Mest virðist talað um Þórð Eyjólfsson. Meðan ég var heima var það borið til baka og sagt að hann vildi það ekki, en nú segir orðrómurinn, að hann muni sennilega þangað fara. Mér þætti vænt um að þú skrifaðir mér um horfurnar í þessu máli, og ef ákveðið er að Þórður

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði hæstaréttardómari, hvernig þið hafið þá hugsað ykkur að ráðstafa núverandi embætti hans. —

Ég vonast eftir bréfi frá þér við fyrsta tækifæri, með sem mestum fréttum. Mér hefur tjáð Pétur bróðir þinn að þú sért mesti víkingur í bréfaskriftum og vænti ég þess að njóta góðs af.

Ég bið þig að skila kveðju til Ólafs Lárussonar.

Með beztu kveðjum
þinn einl.

Gunnar Thoroddsen.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur